

## **Fundur skipulags- og samgönguráðs 26. maí 2021:**

### ***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hreinsun veggjakrots - US200202***

Skipulagsráð samþykkir að farið verði hið fyrsta í allsherjaráttak við að hreinsa veggjakrot í borginni sem hefur stórukist að undanfögnu. Veggjakrotið er ekki eingöngu bundið við borgina heldur er einnig farið að bera á mikilli aukningu þess í úthverfinum. Til að stemma stigu við veggjakrotinu er mikilvægt að leitað verði eftir samstarfi m.a. við íbúaráð, íbúasamtök, þjónustumiðstöðvar, verkþækistöðvar hverfanna, skóla, frístundamiðstöðvar, félagsamtök og rekstraraðila í þeirri viðleitni að draga úr veggjakroti.

### **Greinargerð:**

Veggjakrot hefur stórukist að undanfögnu bæði á eignum í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem hefur mikinn kostnað í för með sér sem á endanum lendir á skattgreiðendum. Veggjakrotið er ekki eingöngu bundið við miðborgina heldur er einnig farið að bera á mikilli aukningu þess í úthverfunum. Nauðsynlegt er að stemma stigu við því sem fyrst en þar gætu skólar og frístundastundamiðstöðvar með fræðslu gegnt lykilhlutverki í fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá er einnig lykilatriði til að koma í veg fyrir og stemma stigu við veggja kroti að bugðist sé hratt við og það hreinsað jafnóðum en þar gegna verkþækistöðvar hverfanna mikilvægu hlutverki. Hægt væri einnig til að mynda að skilgreina sér svæði þar sem kroturum er heimilt að setja sína list. Þá er enn fremur mikilvægt að leita eftir samstarfi við hagsmunaaðila jafnt opinbera sem einkaaðila til að stemma stigu við veggjakroti. Mikilvægt er að borginni sé haldið hreinni og snyrtilegri sem er liður í því að efla umhverfisvitund og góða umgengni.